

Þann 29. ágúst 2012 kr. 17:30 áttu Sigurjón Pétursson formaður og Guðjón Hafliðason varaformaður KRAFT fund með formanni mótanefndar Birgi Viðarssyni. Gry Ek Gunnarsson ritaði fundargerð. Þetta gerðist:

### **1. Skráning á ÍM í réttstöðulyftu.**

Munnleg ósk hefur borist frá Kraftlyftingadeild Breiðabliks um undanþágu frá 3. grein mótareglna um hlutgengi á Íslandsmeistaramót. Ákveðið að veita ekki undanþágu. Sigurjón kemur þessu á framfæri við deildina. Gry fer yfir keppendalista mótsins og gengur úr skugga um hlutgengi allra keppenda.

### **2. Mótaskýrsla Akureyrarmótsins í kraftlyftingum.**

Mótaskýrsla KFA sem borist hefur er ekki rétt fyllt út. Nefndarmenn í mótanefnd og dómarnefnd hafa gefið út það álit að þeir geti ekki tekið hana gilda. Ákveðið var að gefa KFA kost á að skila leiðréttri skýrslu innan tveggja vikna og fá úrslit mótsins þannig gild. Guðjón tekur saman þau atriði sem þarf að lagfæra og Gry sendir erindið til KFA.

Fundi slitið kl. 18.30

Fundarritari Gry Ek